

SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Borgartún 18 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 & 561 0775 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 127/112
komudagur 14.11.2001


Reykjavík 12. nóvember 2001.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, 193. mál.

Sjómannasamband Íslands telur tímabært að Alþingi setji veiðar smábáta undi sama stjórnkerfi í fiskveiðunum og stærri bátarnir þurfa að lúta. Í skjóli sérréttinda hafa veiðiheimildir smábátaflotans aukist verulega á kostnað þeirra sem verða samkvæmt lögum að lúta aflamarkskerfinu. Þetta ástand gengur ekki lengur og mótmælir Sjómannasamband Íslands því að enn einu sinni eigi að leysa vandamál þessa flota á kostnað annarra.

Varðandi 4. grein frumvarpsins, sem snertir öll fiskiskip, vill Sjómannasamband Íslands upplýsa Alþingi um að samkvæmt kjarasamningum og lögum kemur allt andvirði þess afla sem seldur er á fiskmörkuðum til skipta til áhafnar. Ákvæði í lögum um stjórn fiskveiðanna breyta engu þar um. Sjómannasamband Íslands hefur jafnframt þá skoðun að ákvæði greinarinnar hafi engin áhrif á brottkast eins og frumvarpshöfundur væntir. Til að taka á brottkastsvandanum þarf fyrst og fremst að afnema frelsi útgerðarmanna til að versla með aflamark. Jafnframt þarf að auka „virkt eftirlit“, sem verulega skortir í dag. Með slíkum aðgerðum næðist árangur varðandi það mein sem brottkastið er.

f.h. Sjómannasambands Íslands,


Hólmgeir Jónsson